

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður
Bt. Sveitastjórnar

12. mars 2019

Efni: Beiðni um umsögn vegna landskipta

Undirritaðir aðilar, Bændur ehf., kt. 631202-5189, Botni, 430 Suðureyri og Fjallaból ehf., kt. 611216-1060, Frjóakri 5, 210 Garðabæ, hafa undirritað samninga (Samning um landskipti og kaupsamning/afsal) er varða jörðina Selakirkjuból 1, 426 Flateyri með fasteignanúmer F2126324 auðkennd með landeignanúmeri L141048 og lóðina Ból (heiti staðarfangs) með fasteignanúmer F2504288 og landeignanúmer L228016.

Lóðin Ból var áður hluti af jörðinni Selakirkjuból 1 sem er lögbýli.

Samkvæmt samningi aðila um landskipti skal lögbýlisréttur fylgja jörðinni Selakirkjuból 1 en ekki hinni nýstofnuðu lóð.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með framkvæmd ábúðarlaga nr. 80/2004 og framkvæmd jarðarlaga nr. 81/2004 að því er tekur til landskipta, sameiningu jarða, lausn úr landbúnaðarnotkun, stofnun nýrra lögbýla, endurbyggingu eyðijarða og lausna úr óðalsböndum.

Til stendur að senda ráðuneytinu beiðni um landskiptin. Ráðuneytið gerir kröfu um að slíkri beiðni fylgi umsögn sveitarstjórnar.

Aðilar óska því eftir umsögn sveitarstjórnar vegna landskipta jarðarinnar Selakirkjuból 1 í samræmi við framangreint.

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Samningur um landskipti
2. Kaupsamningur og afsal
3. Staðfesting á stofnun lóðar
4. Uppdráttur staðfestur af skipulagsyfirvöldum
5. Þinglýsingarvottorð (veðbókavottorð)

Flateyri 12.3.2019

f.h. Bændur ehf.

Björn Þórlinnur 069758-2899

f.h. Fjallaból ehf.

*Fridrikur H. Heinriksson
240984-4589*